

## Stjórnarfundur ÆSKP 27. janúar 2016

### Austurstræti 22, Reykjavík

**Mættir:** Sigurvin Lárus Jónsson, Guðmundur Karl Einarsson, Katrín Helga Ágústsdóttir og Þórunn Harðardóttir. Raket Brynjólfsdóttir og Jónína Sif Eyþórsdóttir sátu einnig fundinn.

Fundur settur 18:30

#### 1. Ársreikningur 2015

Guðmundur Karl lagði fram ársreikning 2015. Hagnaður ársins var 633.619 kr. Stjórnin undirritaði reikninginn.

#### 2. Ráðning nýs framkvæmdastjóra

Átta umsækjendur voru um starf framkvæmdastjóra en þar af dró einn umsóknina til baka. Guðmundur Karl og Bryndís fóru yfir umsóknirnar og boðuðu fimm umsækjendur í viðtal. Þau lögðu til að Jónína Sif Eyþórsdóttir yrði ráðin í starfið og samþykkti stjórnin það í gegnum tölvupóst. Gengið hefur verið frá ráðningarsamningi við Jónínu Sif frá og með 1. febrúar í 50% starf. Raket lætur af störfum í afleysingu 31. janúar og færir stjórnin henni þakkir fyrir vel unnið starf. Jónína Sif er boðin velkomin til starfa.

#### 3. Aðalfundur

Aðalfundur ræddur og undirbúinn af sitjandi fundarmönnum. Farið yfir ársreikninginn.

Hugmynd kom upp um að hafa smáhamborgara frá Fabrikkunni. Nýjum framkvæmdastjóra falið að útfæra það nánar.

Ræddar voru hugmyndir um hver tæki að sér hvaða verk á aðalfundinum.

Ritari: Þórunn Harðardóttir eða Jónína Sif framkvæmdarstjóri

Fundarstjóri: Katrín Helga Ágústsdóttir

#### 4. Önnur mál

Ræddar voru hugmyndir um hverjir gætu tekið að sér fræðslu á landsmóti 2016. Matthildur Bjarnadóttir og Tosiki Thoma voru t.d. nefnd.

Í lok fundar sagði Sigurvin Lárus af sér formennsku þar sem þau Raket eru að flytja til Danmerkur sunnudaginn 31. janúar nk. Þórunn ritari tekur við formennsku fram að aðalfundi 18. febrúar.

Fundi slitið kl. 20:30